



Stefna um ábyrgar fjárfestingar

4. útgáfa

Efnisyfirlit

Tilgangur og umfang	3
Hlutverk Stefnis	3
Stoðir ábyrgra fjárfestinga	4
UFS ráð Stefnis	4
Sjálfbærniáhætta	4
Aðferðafræði við samval fjárfestinga sjóða í stýringu Stefnis	5
Samþætting UFS í fjárfestingarferli	5
Virkt eignarhald og áhrifafjárfestingar	5
Sérhæfðar hlutabréfa fjárfestingar	5
Aðrar sérhæfðar fjárfestingar	6
Stjórnarhættir, áhættustýring, gagnsæi og upplýsingagjöf	6
Upplýsingagjöf tengd sjálfbærni	8
Tafla 1: Umhverfis- og félagsleg einkenni sjóða	8
Tafla 2: Sjálfbærnivísar	9
Skilgreiningar á sjálfbærnipáttum	11
Hugtakalisti	11
Endurskoðun, birting og gagnsæi	12



Tilgangur og umfang

Stefnir hf. (hér eftir „Stefnir” eða „félagið”) hefur leitast við að vera leiðandi á sviði ábyrgra fjárfestinga, enda er það sá vettvangur sem félagið getur haft hvað mest áhrif og skapað raunveruleg virði fyrir efnahagslífið og samfélagið í heild.

Þessi stefna um ábyrgar fjárfestingar lýsir þeirri umgjörð sem Stefnir hefur sett til þess að samþætta umhverfispætti, félagslega þætti og stjórnarþætti (UFS), auk annarra sjálfbærni sjónarmiða, í fjárfestingarákvarðanir félagsins. Markmið Stefnis með ábyrgum fjárfestingum er að draga úr áhættu og skila sjálfbærri ávöxtun til langs tíma. Stefna þessi byggir m.a. á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálapjónustu (SFDR)

sem hefur verið innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 25/2023. Stefnan gildir um allar fjárfestingar Stefnis og er endurskoðuð eftir þörfum.

Hlutverk Stefnis

Hlutverk Stefnis er að stýra fjármunum í eigu viðskiptavina með hagsmuni þeirra að leiðarljósi til skemmri og lengri tíma. Ábyrgir, fjölbreyttir fjárfestingakostir og ítarleg upplýsingagjöf eru mikilvæg við framkvæmd og sýnileika þeirrar samfélags ábyrgðar sem Stefnir vill sýna. Með því að taka tillit til UFS þátta við fjárfestingarákvörðunartökufæri teljum við okkur geta haft jákvæð áhrif á samfélag okkar, eigendum í sjóðum og öðrum haghöfum til góðs

Stoðir ábyrgra fjárfestinga

Ákvarðanataka fjárfestinga byggir á lögum, skráðum reglum og innri reglum félagsins¹. Sjóðir í stýringu Stefnis nýta einnig UFS greiningar innlendra og erlendra þjónustuaðila við áreiðanleikakönnun fjárfestinga. Þá er við ákvörðunartöku jafnframt stuðst við útgefnað reglur á alþjóðavettvangi líkt og reglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) um stjórnarhætti.

Stefnir er aðili að meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (e. United Nations Principles for Responsible Investment) hér eftir „PRI“, og hefur með aðild sinni skuldbundið sig opinberlega til að innleiða og útfæra meginreglurnar. Fyrirnefndar reglur fela m.a. í sér skyldu til þess að taka mið af UFS þáttum við greiningu á fjárfestingakostum og við ákvarðanatöku.

Stefnir er stofnaðili IcelandSIF, vettvangs til að efla þekkingu og auka umræður um ábyrgar fjárfestingar. Stefnir er einn fjölmargra aðila sem standa að viljayfirlýsingu á innlendum fjármagnsmarkaði ásamt stjórnvöldum um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar.

UFS ráð Stefnis

Framkvæmdastjóri skipar UFS ráð úr hópi starfsmanna sem koma að fjárfestingaferli sjóða. UFS ráðið vinnur samkvæmt starfsreglum, veitir stuðning við samval fjárfestinga og fullvissu um að unnið sé samkvæmt þeim viðmiðum um ábyrgar fjárfestingar sem sett eru í starfsemi Stefnis. UFS ráðið ákveður þær siðferðilegu takmarkanir fjárfestinga sem ber að fylgja við fjárfestingarákvarðanir sjóða.

¹ Hér er m.a. átt við reglur um meðferð umboðsatkvæða, verklagsreglur um áreiðanleikakönnun gagnaðila og viðmið um áreiðanleikakönnun í sjóðum Stefnis.

Sjálfbærniáhætta

SFDR reglugerðin skilgreinir sjálfbærniáhættu sem atburð eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttar, sem gæti, ef raungerist, haft raunveruleg eða hugsanlega veruleg, neikvæð áhrif á virði fjárfestingar.

Sjálfbærniáhætta er mismunandi eftir eignaflokkum og tegundum fjárfestingarafurða Stefnis. Sjálfbærniáhætta er felld inn í fjárfestingarákvörðunartökuferli sem tilheyrir heildstæðu áhættumati fjárfestinga. Áhættumatið, byggir m.a. á eigindlegum og megindlegum upplýsingum UFS þátta sem byggir á greiningum á sjálfbærniáhættu bæði innan Stefnis og frá utanaðkomandi greiningaraðilum líkt og MSCI, Sustainalytics og Reitun. Stefnir greinir sjálfbærniáhættu með því að leggja mat á UFS þætti í fjárfestingarferlinu og meta jákvæðu og neikvæðu áhrifin af UFS þáttunum á virði fjárfestinga.

Stefnir greinir sjálfbærniáhættu niður á atvinnugreinar, en einnig staka útgefendur eftir því sem við á. Greining nær yfir hinar ýmsu birtingarmyndir sjálfbærniáhættu. Horft er til 10 sjálfbærniáhættuþátta;

- Reglu- og lagabreytingar,
- breytingar á tækni,
- breytingar á mörkuðum,
- raunlæg áhætta,
- atburðadrifin áhætta,
- áhætta tengd vinnustað og mannréttindabrotum,
- áhætta tengd skorti á fjölbreytileika og jafnrétti,
- orðsporsáhætta,
- áhætta tengd brotum á persónuvernd og upplýsingaöryggi,
- og háttsemisáhætta.

Hver áhættuþáttur er metinn á kvarða sem segir annars vegar til um hversu miklar líkur eru á að áhættuþáttur raungerist í viðkomandi atvinnugrein og hins vegar hversu mikil áhrif áhættuþátturinn myndi hafa á virði og/eða ávöxtun fjárfestingarkosts í atvinnugreininni sem um ræðir, ef hann ætti sér stað.

Stefnir tekur tillit til helstu neikvæðu áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti (PAI) í a-lið 1. mgr. 4. gr. SFDR þar sem því verður við komið. Þó getur verið erfitt að meta slíka áhættu sökum skorts á upplýsingum og fer því eftir tilvikum að hvaða leiti áhætta tengd sjálfbærni hefur áhrif á val á fjárfestingarkostum.

Fylgst er með neikvæðum áhrifum á lögbundna PAI vísa í starfsemi útgefenda sem 8. gr sjóðir hafa fjárfest í með reglubundnum hætti. háð framboði gagna.

Aðferðafræði við samval fjárfestinga sjóða í stýringu Stefnis

Við sjóðastýringu skal tryggja áreiðanleika við val á fjárfestingum sjóða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi. Fullnægjandi skilningur og þekking á þeim fjárfestingarkostum sem standa sjóðunum til boða skal vera til staðar í upphafi fjárfestingar og yfir fjárfestingartímabil hennar, þar með talin þau umhverfismál, félagslegu þættir og stjórnarhættir sem hafa áhrif á samfélag okkar til skemmri og lengri tíma.

Samþætting UFS í fjárfestingarferli

Stefnir samþættir UFS málefni í fjárfestingarferli sjóða í stýringu félagsins þar sem því verður við komið. Sérstaklega er skimað fyrir félögum sem samræmast ekki þeim siðferðilegu takmörkunum sem ákveðnar hafa verið.

Siðferðilegar takmarkanir fjárfestinga eru tilgreindar í sérstökum viðauka sem er aðgengilegur á [heimasíðu Stefnis](#).

Stefna um ábyrgar fjárfestingar á við alla sjóði Stefnis. Unnið er markvisst að því að sýna á gagnsæjan hátt hvernig áhætta tengd sjálfbærni er metin við fjárfestingarákvarðanirnar þeirra.

Virkt eignarhald og áhrifafjárfestingar

Stefnir fylgir reglum um meðferð umboðsatkvæða og beitir Stefnir hluthafaréttindum í samræmi við mat á hagsmunum sjóðanna, m.a. við atkvæðagreiðslu á hluthafafundum. Með virku eignarhaldi, svo sem með beinum aðgerðum, beitum við okkur fyrir jákvæðum breytingum með hag umhverfis, félagslegra málefna og stjórnarháttar í fyrirrúmi til skemmri og lengri tíma.

Sérhæfðar hlutabréfa fjárfestingar

Við mat á sérhæfðum fjárfestingarkostum er notast við áreiðanleikakannanir til að greina og draga fram þau atriði í rekstri og fjárhag félaga sem skipta mestu máli. Sérstaklega er hugað að stöðu UFS þátta í þessu sambandi og tekur umfang UFS athugunar sem framkvæmd er mið af eðli þess fjárfestingarkosts sem er til skoðunar hverju sinni.

Þar sem Stefnir kemur með beinum hætti að rekstri félaga í gegnum eignarhald sjóða í stýringu félagsins og tilefni er til umbóta og stefnumótunar á sviði UFS þátta skulu fulltrúar félagsins beita sér fyrir þeim þáttum öllum haghöfum til góðs. Góðir stjórnarhættir eru innleiddir í þeim félögum þar sem Stefnir fer með eignarhlut í félögum fyrir hönd viðskiptavina í sérhæfðum sjóðum.



Aðrar sérhæfðar fjárfestingar

Í hefðbundnum fjárfestingarflokkum, eins og hlutabréfum, er UFS samþætting útbreidd og er aðgengi að upplýsingum í stöðugri þróun. Sérhæfð skuldabréf búa hins vegar ekki við eins mikið af upplýsingum og eru gæði þeirra afar misjöfn. Eftir því sem upplýsingar á þessu sviði aukast og verða betri mun Stefnir leitast við að innleiða UFS samþættingu eftir því sem við á. Sérhæfðir sjóðir með skráð verðbréf á markaði birta upplýsingar um

hlutfall eigna safnsins sem falla undir Flokkunarreglugerð Evrópuþingins og ráðsins (ESB) nr. 2020/852, ásamt hlutfalli umhverfissjálfbærra eigna.

Stjórnarhættir, áhættustýring, gagnsæi og upplýsingagjöf

Stjórn Stefnis hefur tileinkað sér góða stjórnarhætti og hefur einsett sér að stuðla að og styðja við ábyrga hegðun og fyrirtækjamenningu innan Stefnis til

hagsbóta fyrir alla hagsmunaaðila félagsins. Siðareglur og stefna félagsins um hagsmunaárekstra styðja einnig við þá ábyrgu fyrirtækjamenningu sem er ríkjandi innan Stefnis og unnið er að því að innleiða í þeim félögum sem Stefnir kemur að með eignarhaldi sjóða.

Áhættustýring er grundvallarpáttur í starfi Stefnis og UFS samþætting við fjárfestingarákvarðanir hluti af virkri áhættustýringu. Virk áhættustýring í ábyrgum fjárfestingum felst í að bera kennsl á og mæla áhættur sem tengjast umhverfis-, félagsþáttum eða stjórnunarháttum og grípa til aðgerða ef hún fer út fyrir skilgreind mörk. Með því að huga að UFS þáttum getur Stefnir öðlast yfirgripsmeiri skilning á áhættu í

fjárfestingum og tekið á fyrirbyggjandi hættum. Áhættustjóri félagsins situr í UFS ráði Stefnis.

Stefnir mun upplýsa eigendur í sjóðum um hvernig félagið hefur beitt sér og náð árangri í ábyrgum fjárfestingum með skýrum og gagnlegum hætti m.a. með birtingu PRI framvinduskýrslu. Beiting atkvæða samkvæmt reglum um meðferð umboðsatkvæða er birt árlega á heimasíðu Stefnis.

Við munum tala fyrir, styðja við og ýta undir jákvæða þróun ábyrgra fjárfestinga í samræmi við skuldbindingu okkar sem aðili að PRI.



Upplýsingagjöf tengd sjálfbærni

Eftirfarandi töflur eiga við 10(1). gr. og 23. gr. SFDR

Tafla 1: Umhverfis- og félagsleg einkenni sjóða

Sjóður	SFDR grein	Skuldbindingar til sjálfbærra fjárfestinga	Skuldbindingar til U eða F einkenna	Siðferðilegar takmarkanir í sjóðum Stefnis	Virkt eignarhald	PAI
Katla Fund – Global Equity	8	-	90%	✓	✓	✓
Stefnir – Scandinavian Fund - ESG	8	20%	90%	✓	✓	✓
Stefnir - Sustainable Arctic Fund	8	50%	90%	✓	✓	✓
Stefnir - Grænaval	8	-	90%	✓	-	✓
Stefnir - Sjálfbær skuldabréf	8	50%	100%	✓	✓	✓
Stefnir – Innlend hlutabréf	6	-	-	✓	✓	-
Stefnir – Innlend hlutabréf Vogun	6	-	-	✓	✓	-
Stefnir - Arðgreiðslusjóður	6	-	-	✓	✓	-
Stefnir – Samval	6	-	-	✓	✓	-
Stefnir – Lausafjársjóður	6	-	-	✓	✓	-
Stefnir - Sparifjársjóður	6	-	-	✓	✓	-
Stefnir – Skuldabréfaval	6	-	-	✓	✓	-
Stefnir – Vaxtasjóður	6	-	-	✓	✓	-
Stefnir – Ríkisbréfasjóður óverðtryggður	6	-	-	✓	Á ekki við	-
Stefnir – Ríkisbréfasjóður verðtryggður	6	-	-	✓	Á ekki við	-
Stefnir – Ríkisbréfasjóður millilangur	6	-	-	✓	Á ekki við	-
Stefnir – Ríkisbréfasjóður langur	6	-	-	✓	Á ekki við	-
Premía A – skuldabréfasafn*	6	-	-	✓	✓	-


Premía B – hámark 25% hlutabréf *	6	-	-	✓	✓	-
Premía C – hámark 50% hlutabréf*	6	-	-	✓	✓	-
Premía D – hámark 75% hlutabréf *	6	-	-	✓	✓	-
Premía E – hlutabréfasafn*	6	-	-	✓	✓	-
Premía F –erlent safn*	6	-	-	✓	✓	-

* Premía var áður Eignaval.

Tafla 2: Sjálfbærnivísar

Sjóður	SFDR grein	Kolefnisfótspor	Brot á UNGC	Losunarstyrkur	Brot á félagsþáttum
Katla Fund – Global Equity	8	✓	✓	✓	✓
Stefnir – Scandinavian Fund - ESG	8	✓	✓	✓	✓
Stefnir - Sustainable Arctic Fund	8	✓	✓	✓	✓
Stefnir - Grænaval	8	✓	✓	✓	✓
Stefnir - Sjálfbær skuldabréf	8	✓	✓	✓	✓
Stefnir – Innlend hlutabréf	6	✓	-	✓	✓
Stefnir – Innlend hlutabréf Vogun	6	✓	-	✓	✓
Stefnir - Arðgreiðslusjóður	6	✓	-	✓	✓
Stefnir – Samval	6	✓	-	✓	✓
Stefnir – Lausafjársjóður	6	✓	-	✓	✓
Stefnir - Sparifjársjóður	6	✓	-	✓	✓
Stefnir – Skuldabréfaval	6	✓	-	✓	✓
Stefnir – Vaxtasjóður	6	✓	-	✓	✓

Stefnir – Ríkisbréfasjóður óverðtryggður	6	✓	-	✓	-
Stefnir – Ríkisbréfasjóður verðtryggður	6	✓	-	✓	-
Stefnir – Ríkisbréfasjóður millilangur	6	✓	-	✓	-
Stefnir – Ríkisbréfasjóður langur	6	✓	-	✓	-
Premía A – skuldabréfasafn	6	✓	-	✓	✓
Premía B – hámark 25% hlutabréf	6	✓	-	✓	✓
Premía C – hámark 50% hlutabréf	6	✓	-	✓	✓
Premía D – hámark 75% hlutabréf					
Premía E- hlutabréfasafn	6	✓	-	✓	✓
Premía F –erlent safn	6	✓	-	✓	✓



Skilgreiningar á sjálfbærniþáttum

Kolefnisfótspor sjóða: Heildarútbástur (umfang 1 og umfang 2) verðbréfasafns staðlað með markaðsvirði eignasafnsins, gefið upp í tonnum CO₂e á móti fjárfestri milljón (tCO₂e/ \$M). Kolefnisfótsporið tjáir hlutdeild í losun gróðurhúsalofttegunda fyrirtækja og útgefenda sem eru í eigu eða fjármögnuð af fjárfestingum sjóðsins.

Losunarstyrkur: Magn kolefnislosunar á hverja milljón dollara heildartekna (tCO₂e/ \$M tekjur)

Brot á félagsþáttum: eru mæld sem fjöldi fyrirtækja eða landa sem fjárfest er í þar sem framin eru félagsleg- og mannréttindabrot sem vísað er til í alþjóðlegum sáttmálum og samkomulögum, meginreglum Sameinuðu þjóðanna og, þar sem við á, landslög.

Brot á UNGC: er notað til að mæla hlutdeild fjárfestinga í fyrirtækjum eða útgefendum sem hafa verið viðriðin við brotum á reglum UNGC eða OECD leiðbeiningum fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki. Tíu meginreglurnar UNGC tengjast mannréttindum, vinnumálum, umhverfismálum og málum gegn spillingu.

Sjálfbærar fjárfestingar: Sjálfbær fjárfesting er skilgreind af SFDR sem fjárfesting í atvinnustarfsemi sem stuðlar að umhverfislegum eða félagslegum markmiðum, að því tilskildu að fjárfestingin skaði ekki verulega nein umhverfis- eða félagsleg markmið og að fyrirtæki, sem fjárfest er í, fylgi góðum stjórnarháttum.

Sjálfbær fjárfesting skilgreining sjóða Stefnis

1. Góðir stjórnarhættir - Félagið sem fjárfest er í fylgir góðum stjórnarháttum

2. Efnahagslegt framlag - Atvinnustarfsemin leggur jákvætt framlag til umhverfis- eða félagslegra markmiða, þetta felur í sér tillit til umhverfislegra eða félagslegra tekna,

fjármagnskostnaðar, rekstrarkostnaðar eða sjálfbærar starfsemi. Minnst 20% af tekjum þurfa að teljast sjálfbærar. Mat á jákvæðu framlagi atvinnustarfseminnar byggir meðal annars á Flokkunargerð Evrópusambandsins (e. EU Taxonomy) og framlagi til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

3. Enginn verulegur skaði – Fjárfestingin veldur ekki verulegum skaða (e. „Do no significant harm“/ „DNSH“) á sjálfbærum fjárfestingarmarkmiðum á völdum PAI vísium.

Hugtakalisti

PRI: PRI eru leiðandi samtök á heimsvísu fyrir ábyrgar fjárfestingar. PRI leitast við að skilja fjárfestingaráhrif umhverfis- og félagsþátta og stjórnunarháttanna ásamt því að styðja alþjóðlegt samstarf þeirra sem hafa skuldbundið sig til að fjárfesta með ábyrgum hætti og fella UFS þætti inn í fjárfestingar- og eignarhaldsákvæðanir þeirra.

PAI: Principal Adverse Impact (e. PAI) eru vísar sem nýttir eru til að mæla hvers kyns áhrif fjárfestingarákvæðana eða ráðgjafar sem leiða til neikvæðra áhrifa á sjálfbærniþætti, svo sem umhverfis- og félagsþætti, virðingu fyrir mannréttindum, gegn spillingu og málefnum gegn mútum. Tæknistaðall ESB nr. 2022/1288 leggur m.a. fram 14 skyldubundna sjálfbærnivísa fyrir milliliði sem taka tillit til helstu neikvæðra áhrifa á sjálfbærni.

SFDR: Reglugerð um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (SFDR) leggur UFS-upplýsingaskyldur á eignastýringaraðila og aðra aðila á fjármálamarkaði. Reglugerðin var innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 25/2023.

UNGC: The United Nations Global Compact, (UNGC) er óskuldbindandi sáttmáli Sameinuðu þjóðanna fyrir fyrirtæki um allan heim um að tileinka sér sjálfbæra og samfélagslega ábyrga stefnu og gefa út

skýrslu um framkvæmd þeirra. UNGC eru stærstu samtök heims um sjálfbærni og samfélagsábyrgð fyrirtækja.

IcelandSIF: Tilgangur IcelandSIF er að efla þekkingu félagsaðila á aðferðafræði sjálfbærra og ábyrgra fjárfestinga og auka umræður um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Samtökunum er ætlað að vera óháður vettvangur fyrir umræðu og fræðslu um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar.

Umhverfisáhætta: Áhætta sem tengist neikvæðum fjárhagslegum áhrifum af umhverfispáttum þ.m.t loftslagsbreytingar. Umhverfisáhætta er tvíþætt, annars vegar vegna neikvæðra umhverfisáhrifa af starfsemi útgefanda en hins vegar vegna neikvæðra umhverfisáhrifa á starfsemi útgefanda. Umhverfisáhætta getur meðal annars stafað af auknu ofsa veðri eða aukinni loft- og vatnsmengun.

Félagsleg áhætta: Áhætta sem tengist neikvæðum fjárhagslegum áhrifum af núverandi eða mögulegum áhrifum félagslegra þátta á útgefanda. Félagsleg áhætta getur meðal annars stafað af ójöfnuði, mismunun eða ófullnægjanandi öryggi á vinnustað.

Stjórnarháttaráhætta: Áhætta sem tengist neikvæðum fjárhagslegum áhrifum af núverandi eða mögulegum áhrifum stjórnarháttará á útgefanda. Stjórnarháttaráhætta getur meðal annars stafað af spillingu, ófullnægjandi áhættustýringu eða ófullnægjandi upplýsingagjöf.

Flokkunarkerfi Evrópusambandsins:
Flokkunarkerfið skilgreinir hvort

atvinnustarfsemi er sjálfbær eða ekki. Samkvæmt flokkunarkerfinu telst atvinnustarfsemi sjálfbær ef hún samræmist fjórum megin skilyrðum. Í *fyrsta lagi* þarf hún að styðja verulega við eitt eða fleiri af eftirfarandi markmiðum:

- Mótvægisáðgerðum gegn loftslagsbreytingum;
- Aðlögun að loftslagsbreytingum;
- Sjálfbærri notkun og vernd vatns og sjávarauðlinda;
- Markmiðum hringrásarhagkerfisins;
- Mengunarvörnum;
- Vernd og endurheimt líffræðilegs fjölbreytileika og vistkerfa.

Þannig getur fjárfesting ekki talist umhverfislega sjálfbær ef undirliggjandi starfsemi styður ekki verulega við a.m.k. eitt þessara markmiða. Í *öðru lagi* má atvinnustarfsemi ekki valda umtalsverðu skaða þegar kemur að þeim sex markmiðum sem tilgreind eru hér að ofan. Ekki hafa öll markmiðin verið leidd í lög þegar þessi stefna er samþykkt.

Endurskoðun, birting og gagnsæi

Stefna þessi er samþykkt af framkvæmdastjóra og UFS ráði Stefnis. Stefnan skal endurskoðuð eins oft og þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti. Þá skal tryggja að stefnan sé birt í reglubók félagsins og vefsíðu þess.